



Brunavarnir Árnassýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 21. maí 2012
UBÖ/KEi/ubö/kei

Fundargerð stjórnar

106. fundur stjórnar *Brunavarna Árnassýslu* haldinn mánudaginn 21. maí 2012 kl. 10.30 að Árvegi 1, Selfossi.

Mætt: Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson, Kristján Einarsson slökkvistjóri, Pétur Pétursson varaslökkvistjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Einar Sveinbjörnsson og Björgvin Guðmundsson, endurskoðendur KPMG, Ragnar Magnússon oddviti Hrunamannahrepps og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Formaður setur fund og fer lauslega yfir dagskrána. Slökkvistjóri fer yfir breytingar á fundarboði vegna þeirra gesta sem von er á.

1. Reikningar BÁ fyrir árið 2011

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi BÁ fyrir árið 2011.

Einar, Kristján og Unna gerðu grein fyrir reikningnum.

Einar taldi að gera hefð átt grein fyrir notkun á handbæru fé í fjárhagsáætlun ársins 2011 vegna flutninga í nýja slökkvistöð.

Með því hefði ekki komið fram halli á rekstri.

Rætt um hvort þurfi að eignfæra meira af kostnaði við flutninginn í nýtt hús, allir samþykkir því að skoða betur eignfærsluna.

Rætt um bifreiðar og eignfærslu vegna sameiningar við Hveragerði og hvort ekki þurfi að endurmeta eignir slökkviliðsins.

Fram kom að í gangi er vinna við skráningu búnaðar og nýtt kerfi varðandi utanumhald eigna.

Fundi um reikning frestað til 4. júní n.k. kl. 11.00

2. Húsnæðismál Frestað til fundar 4/6

a. **Hugsanleg kaup á slökkvistöðvum**

b. **Vígsla Björgunarmiðstöðvarinnar**

Fram kom að fyrirhugað er að vígja Björgunarmiðstöðina á Selfossi þann 15. júní n.k. kl. 15-17. Boðslistar eru í vinnslu.

c. **Frágangsmál**

3. Sameining slökkviliða í sýslunni

Fyrir fundinum lágu útreikningar vegna hugsanlegs samruna slökkviliðs Hrunamanna í BÁ, Kristján, Einar og Björgvin kynna útreikningana. Rætt um eignir og búnað sem slökkvilið Hrunamanna á í dag og hver kostnaðurinn er við að taka Hrunamenn inn.

Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga rædd með tilliti til inngöngu Hrunamanna.

Jón G. Valgeirsson og Ragnar Magnússon frá Hrunamannahrepp koma á fundinn vegna umræðna um sameiningu.

Kristján fer yfir helstu kostnaðartölur o.fl.

Ragnar spyr um mannskapsmál eftir sameiningu og Pétur útskýrir hvernig þeim hefur verið háttað við fyrri sameiningar m.a. að engum verði sagt upp. Æfingamál rædd og hvernig þeim hefur verið háttað.

Björgvin frá KPMG kynnir skiptihlutfall og kostnaðarskiptingu fyrir Hrunamönnunum.

Miðað við núverandi kostnaðarskiptingu BÁ þá greiða Hrunamenn aldrei allan kostnað vegna sameiningarinnar, heldur þurfa hin aðildarsveitarfélögin að greiða aukakostnaðinn. Hugmyndum að lausn þess máls ræddar .

Rætt var um samstarf sveitarfélaga í víðara samhengi.

Samþykkt að senda kostnaðartölur til stjórnenda í Hrunamannahreppi. Auk þess var Kristjáni falið að ræða við slökkviliðsstjórnann á Flúðum, Jóhann Marelsson, um fund með slökkviliðsmönnum sem fyrst þar sem hugmyndir varðandi sameiningu verða reifaðar . Einnig að gera lauslega úttekt á búnaði slökkviliðsins á Flúðum.

4. Bruninn í SET

Formaður reifaði hugmynd um að hafa opinn fund um málefni brunavarna þar sem farið væri yfir þá stórbruna sem verið hafa að undanfögnu, stöðu mála og framtíðarsýn.

Fundurinn væri upplýsingafundur fyrir alla áhugasama aðila um þennan málaflokk.

Pétur fór örstutt yfir tölfræði vegna SET brunans, mannskap, laun, skemmdir, upptök og fleira.

Samþykkt að hafa opin fund um núverandi rekstur BÁ, uppsetningu liðsafla í sýslunni og tækjakost. Einnig framtíðarsýn og væntingar. Á þessum fundi verður einnig farið yfir helstu stórbruna í sýslunni á síðustu misserum.

Fundurinn verður auglýstur í héraðsmiðlum og opinn öllum.

5. Starfsmannamál

Frestað til fundar 4/6

6. Önnur mál

Frestað til fundar 4/6

Framhaldsfundur ákveðinn 4. júní kl 11:00.

Fundi slitið kl. 12:30



Brunavarnir Árnæssýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 4. júní 2012
UBÖ/KEi/ubö/kei

Fundargerð stjórnar

106. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* (framhald) haldinn mánudaginn 4. júní 2012 kl. 11.00 að Árvegi 1, Selfossi

Mætt: Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson, Kristján Einarsson slökkvistjóri, Pétur Pétursson varaslökkvistjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð
Gestur fundarins: Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi KPMG.

Formaður setur fund og fer lauslega yfir dagskrána.

7. Reikningar BÁ fyrir árið 2011

Einar Sveinbjörnsson leggur fyrir ársreikning fyrir árið 2011 og kynnti breytingar á eignfærslu. Umræða um fjárhagsleg samskipti við SPS.
Samþykkt að fela Einari að fara yfir fjárhagsleg samskipti milli Slökkvitækjapjónustu Suðurlands og B.A.

Stjórn samþykkir ársreikning 2011 og vísar til fulltrúaráðs.
Samþykkt að boða til fulltrúaráðsfundar 15. júní n.k. kl. 14.15

8. Húsnæðismál

a) Hugsanleg kaup á slökkvistöðvum

Kristján lagði fram svarbréf vegna matsgjarðar, fá sveitarstjórn Ölfus dags. 18.1.2012 og frá Hveragerðisbæ, dags. 1. 3.2012.
Einnig var lagt fram afrit af 121.fundargerð Bláskógabyggðar 4. mál, þar sem fram kemur svar við matsgjöð.
Gunnari, Ólafi og Kristjáni falið að vinna áfram að málinu.

9. Sameining slökkviliða í sýslunni

Áður til umræðu 21. maí sl. Kristján og Pétur fóru yfir hvað gerst hefur frá síðasta fundi stjórnar. Fundur er fyrirhugaður með slökkviliðsmönnum á Flúðum

10. Starfsmannamál

Fært í trúnaðarbók

Fundi slitið kl. 12:20

